

Om du möter en björn

„Ef þú mætir birni“

Höfundar texta: Malin Kivelä (FI) og Martin Glaz Serup (DA) Höfundur mynda: Linda Bondestam (FI) Förlaget, 2021
Var tilnefnd til Barna- og unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2022.

Söguþráður: „Ef þú mætir birni“ er saga um hvað þú átt að gera og ekki gera ef þú rekst á björn í skóginum.

Efnisflokkar: náttúra, sjálfstæði, tilfinningar, hugrekki, sjónarhorn barnsins, hræðsla, gleði, friður, ráð, reglur, fyndni, hættur, björn

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðið myndirnar með barninu. Hvað vekur athygli ykkar í skóginum?

Á sumum blaðsíðum virðast vera hnappar sem hægt er að ýta á til að heyra hljóð. Þú og barnið getið búið hljóðin til sjálf. Hvað leynist undir hnöppunum, er það hljóð í dýri, lagið Bangsi lúrir eða eitthvað annað?

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu bókarkápuna. Um hvað heldurðu að bókin sé?
2. Heldurðu að björninn sé góður eða vondur? Af hverju heldurðu það? Líttu í augu bjarnarins, hvað segja þau?
3. Líttu á fyrstu opnuna, hvað er barnið að gera í skóginum?
4. Finndu opnu þar sem virðast vera hnappar til að ýta á. Hvað leynist undir hnöppunum, hljóð eða kannski frásögn? Láttu þér detta eitthvað í hug!
5. Eru til dýr sem þér þykja vænt um eða sem þú hræðist? Teiknaðu þau. Hvaða dýr heldurðu að fullorðna fólkíð hræðist?
6. Syngdu lagið Bangsinn lúrir. Kunnið þið önnur lög um dýr?
7. Hvað þarftu að taka með þér þegar þú ferð út í skóg? Segðu frá!



BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Skoðið merkin á bakpoka barnsins. Athugið hvað þau þýða og ræðið hvers vegna þið haldið að einmitt þessi merki séu þar.
2. Hvers vegna heldurðu að barnið sé eitt í skóginum? Hvernig liði þér ef þú værir ein/n í skóginum?
3. Athugaðu hvernig bjarnarspor lítur út og teiknaðu það.
4. Hvaða ber þykja birninum góð? Hvað er hægt að búa til úr berjunum? Er eitthvað annað ætílegt í skóginum?
5. Höfundur myndanna hefur valið appelsínugulan lit á trén. Af hverju heldurðu það?
6. Barnið er með bók sem heitir „100 hlutir sem hægt er að gera í skóginum“. Hvað finnst þér að maður eigi að gera eða ekki gera ef maður rekst á björn? Skrifaðu lista yfir nokkur atriði.
7. Hvers vegna heldurðu að höfundarnir hafi samið þessa bók?

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?
2. Heiti bókarinnar er í rauðum lit. Hvers vegna heldurðu að það sé?

3. Skoðaðu skiltið sem á stendur Velkomin. Athugaðu hvaða dýr er hægt að rekast á í skóginum.

4. Skoðaðu myndirnar og textann. Eru atriði á myndunum sem ekki eru í textanum? Nefndu dæmi!

5. Hvaða hlutverki gegnir myndin í bókinni? Hvenær heldurðu að það sé gott að grípa til myndni?

6. Hvað gerist með náttúruna í bókinni? Hvað er hægt að gera til að bjarga skóginum frá útrýmingu?

7. Stundum er nauðsynlegt að drepa dýr. Hvenær? Ræðið!

8. Athugaðu hvar er að finna birni og ísbirni á Norðurlöndum.

9. Flettu upp á öftustu blaðsíðu. Hvers vegna heldurðu að aðrar reglur gildi um ísbirni?

10. Skrifaðu stutta umsögn um bókina.

ÖNNUR BÓK SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Naturen - Emma Adbåde

MÁLAMOLI

"Hræðsla"

sænska

Rädsla

danska

Frygt

norska

Frykt

íslenska

Hræðsla

færeyska

Ræðsla

grænlandska

Ersineq

finnska

Pelko

norðursamíska

Ballu



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)